

Landeigendur Voga ehf  
Pósthólf 4004  
660 Mývatn

Reykjavík, 11. maí 2023  
UST202210-031/P.V.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hverfjall**

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Landeigendur Voga ehf, dagsett 6. október 2022 með viðbótargögnum dagsett 4. maí 2023, um leyfi til framkvæmda innan Hverfjalls.

Hverfjall er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 1261/2011](#). Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi landeigenda, Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að grafa vatnslögn frá borholu vestan Seftjarnar, að brunni við salernishús við Hverfjall. Grafin verður um það bil 1 km langur skurður, 50 cm breiður og 1 m á dýpt. Lögnin mun liggja í vesturkanti gömlu slóðarinnar norður með Hverfjalli. Kort sem sýnir lagnaleiðinna fylgdi með umsókn. Mun lagna leiðin þvera vegin að bílastæðinu við Hverfjall á einum stað. Ef grafið verður niður á klöpp á lagnaleiðinni verður fleigað í gegnum hana. Að verkinu koma 2-4 starfsmenn og er áætlað að það muni taka 2-3 daga. Framkvæmd mun fara fram vorið 2023.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins til lengri tíma litið sé skilyrðum leyfisins fylgt. Að mati stofnunarinnar geta gestir svæðisins orðið fyrir tímabundnum truflunum á meðan á framkvæmdum stendur og því mikilvægt að farið sé í verkið sem fyrst áður en mesti ferðamannafjöldin heimsækir svæðið. Til lengri tíma litið mun framkvæmdin hafa jákvæð áhrif á svæðið að mati stofnunarinnar þar sem hún tryggir nægt framboð vatns til að hægt sé að reka salernishús sem fyrir er á svæðinu.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Landeigendur Voga ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagning vatnslagnar innan náttúruvættisins Hverfjalls sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.

- Þess skal gætt að þegar grafið verði fyrir lögninni í gegnum vegin að Hverfjalli að það fari fram utan þess tíma sem flestir gestir heimsæki svæðið og að settar séu upp merkingar við þjóðveg til að vara gesti við að vegurinn sé í sundur og ekki hægt að komast alla leið að bílastæði keyrandi
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka gröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Dagbjört Jónasdóttir  
**sérfræðingur**